# Minnisblað

Tilvísun: 3161312-000-CMO-0003 02.11.2021

Til: Garðabær
Ingólfur Benediktsson

Efni: **Flataskóli - Minnisblað um sýnatöku 08.10.21**

Þann 8. október fór undirritaður að beiðni Ingólfs Benediktssonar umsjónarmanns eigna hjá Garðabæ til að endurtaka sýnatökur í skólastofum N213 og N215 í Flataskóla þar sem liðnar voru 6 vikur frá því að lokið var við þrif eftir viðgerðir. Með sýnunum er ætlað að komast að því hvort hafi tekist að gera við og endurnýja rakaskemmt byggingarefni með fullnægjandi hætti. Tekin voru tvö ryksýni eitt í hvorri stofu og voru sýnin tekin ofan af loftljósum. Sýnin voru send til greiningar hjá Náttúrufræðistofnun Íslands.

Í greiningu kom í ljós að örfá gró greindust í öðru sýninu þ.e. sýni úr stofu N213 og er ástæða til nánari skoðunar á rýminu. Í sýni úr stofu N215 greindust engin myglugró og ekkert innan þess sem eðlilegt má teljast.

**Tafla 1: Túlkun greiningar NÍ á ryksýnum**

| **Ryksýni** | | |
|---|---|---|
| **Sýni nr.** | **Staðsetning sýnatöku** | **Túlkun greiningar** |
| **Ryksýni 2029** | **Stofa N213. Ofan af loftljósi** | **Í sýninu greindust örfásveppagró og er ástæða til að kanna rýmið nánar.** |
| **Ryksýni 2030** | **Stofa N215. Ofan af loftljósi** | **Ekki greindust sveppagró í sýninu. Innan eðlilegra marka.** |

Virðingarfyllst,

Sigurjón Árnason

rannsóknarmaður



**Mynd 1. Strokupinnar úr stofu N213**



**Mynd 2. Strokupinnar úr stofu N215**



**Mynd 3. Ryk á bak við ofna**



**Mynd 4. Ryk og rusl á bak við ofn**